

Norðurorka hf.

Ársreikningur samstæðu 2025

Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

kt. 550978-0169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Fallorka ehf. er í 100% eigu Norðurorku hf. og felst starfsemi þess í sölu raforku og uppbyggingu raforkuvera á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstur ársins

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2025 námu kr. 5.981 millj. en voru kr. 5.779 millj. árið 2024 og hafa hækkað um 3,5% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 887 millj. í samanburði við kr. 782 millj. hagnað árið 2024. Eiginfjárlutfall í lok árs 2025 var 54,7% (2024: 52,7%).

Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam kr. 11.740 millj. samkvæmt efnahagsreikningi (2024: kr. 10.851 millj.). Fjöldi ársverka hjá samstæðunni á árinu 2025 var 81 (2024: 79). Meðal starfsmanna er hlutfall kvenna 33% og karla 67%. Í stjórnendahópi félagsins eru 63% karlar og 38% konur. Í stjórn móðurfélagsins er hlutfall kvenna 40% og karla 60% og í stjórn dótturfélagsins er hlutfall kvenna 67% og karla 33%.

Hlutfé í árslok nam kr. 847 millj. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Eignarhlutur
Akureyrarbær	98,27%
Hörgársveit	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	0,45%
Grýtubakkahreppur	0,18%
Pingeyjarsveit	0,18%
Eyjafjarðarsveit	0,12%
	100,00%

Samkvæmt samþykktum félagsins er stjórn skipuð fimm einstaklingum og jafn mörgum til vara. Í stjórn Norðurorku hf. í árslok 2025 voru:

Hlynur Jóhannsson, formaður

Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður

Hilda Jana Gísladóttir, ritari

Sóley Björk Stefánsdóttir

Þórhallur Jónsson

Áheyrnarfulltrúi minni hluthafa er Þróstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

Forstjóri er Eypór Björnsson, sjávarútvegsfræðingur með meistaraáráðu í viðskiptafræði og stjórnun.

Framtíðaráform og óvissupættir í ytra umhverfi

Gert er ráð fyrir að umfang rekstrarins verði áfram svipað og síðustu ár.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 2.015 millj. á árinu 2025 (2024: kr. 2.141 millj.). Á árinu voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 300 millj. sem nýtt voru til fjárfestingar fyrir hitaveitu. Áætlanir gera ráð fyrir aukinni uppbyggingu í innviðum hitaveitukerfa og verður mesti fjárfestingaþunginn vegna virkjunar jarðvarma í landi Ytri Haga á Árskógsströnd. Vegna borholu í Ólafsfirði sem ekki skilaði árangri voru afskrifaðar kr. 275 millj. á árinu.

Mörg undanfarin ár hefur verið umtalsverð aukning í heitavatnsnotkun, langt umfram fólksfjölgun á svæðinu. Sú breyting varð þó á árinu 2025 að notkun dróst saman. Ekki er ólíklegt að hluti skýringarinnar liggja í mildu veðurfari og einnig kann vitundarvakning um ábyrga nýtingu að styðja við samdráttinn. Engu að síður má alls ekki slaka á hvað varðar rannsóknir og fjárfestingar. Ekki er sjálfgefið að nýjar, sjálfbærar jarðhitaauðlindir séu tiltækar á starfssvæði Norðurorku og kostnaður við að virkja þær fer vaxandi eftir því sem lengra þarf að sækja. Mikilvægt er að fjárfestinga- og tekjuáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa og auknum rannsóknum á jarðhitaauðlindum.

Nú er að baki fyrsta heila rekstrarár nýtingar á glatvarma frá aflþynnuverkssmiðju TDK við Krossanes. Óhætt er að segja að „virkjunin“ standi undir þeim væntingum sem gerðar voru til verkefnisins. Samstarfið við TDK á þessum vettvangi hefur sannað mikilvægi sitt í öflun á heitu vatni og er um að ræða mikla lyftistöng í rekstri hitaveitunnar.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.:

Grunninnviðir samfélagsins eru eftirsótt skotmörk netárása og gerð er sífellt meiri krafa um öflugar varnir og markvissa áhættustýringu. Breytt heimsmynd og óvissa, meðal annars vegna stríðsátaka, setja rekstur innviðafyrirtækja í nýtt samhengi og kalla á aukinn viðnámsþrótt og áfallaþol. Norðurorka vinnur stöðugt að því að efla varnir og viðhalda árvekni á þessum mikilvæga vettvangi. Á árinu var formlega stofnuð upplýsingatæknideild og ráðið í tvö ný stöðugildi til að efla getu félagsins til að mæta ört vaxandi áskorunum á þeim vettvangi.

Nánar er fjallað um starfsemi Norðurorku hf. í ársskýrslu fyrir árið 2025 sem birt er á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2026. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2025 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 24. mars 2026.

Stjórn

Hlynur Jóhannsson
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Hilda Jana Gísladóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Þórhallur Jónsson

Forstjóri

Eyþór Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Norðurorku hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Akureyri, 24. mars 2026

KPMG ehf.

Þorsteinn G. Þorsteinsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Sala	4	5.981	5.779
Rekstrargjöld			
Orku kaup og orkuflutningur		771	852
Laun og launatengd gjöld	5	1.083	992
Annar rekstrarkostnaður		1.787	1.737
Afskriftir	9	1.130	783
		<u>4.771</u>	<u>4.364</u>
Rekstrarhagnaður		1.210	1.415
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	6	27	33
Fjármagnsgjöld	6	(576)	(626)
Gengismunur	6	(23)	47
Söluhagnaður eignarhluta	6	237	0
		<u>(335)</u>	<u>(545)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага	10	83	33
Hagnaður fyrir tekjuskatt		958	903
Tekjuskattur	7,17	(72)	(121)
Hagnaður ársins	15	<u>887</u>	<u>782</u>
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut	8	1,05	0,92

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	19.741	18.855
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	10	79	445
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	22	44
Langtímakröfur	12	200	0
Fastafjármunir samtals		<u>20.041</u>	<u>19.344</u>
Birgðir		352	447
Viðskiptakröfur	13	613	458
Kröfur á tengda aðila	20	86	69
Aðrar skammtímakröfur		10	59
Handbært fé	14	348	232
Veltufjármunir samtals		<u>1.409</u>	<u>1.266</u>
Eignir samtals		<u><u>21.451</u></u>	<u><u>20.610</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		847	847
Yfirverðsreikningur hlutfjár		268	268
Annað bundið eigið fé		485	337
Óráðstafað eigið fé		10.140	9.399
Eigið fé samtals	15	<u>11.740</u>	<u>10.851</u>
Skuldir			
Lífeyrisskuldbinding	16	10	10
Tekjuskattsskuldbinding	17	334	263
Vaxtaberandi langtímaskuldir	18	8.171	8.106
Langtímaskuldir samtals		<u>8.515</u>	<u>8.378</u>
Skuldir við lánastofnanir		80	80
Viðskiptaskuldir		318	529
Skuldir við tengda aðila	20	14	17
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	520	471
Tekjuskattur til greiðslu	17	0	76
Aðrar skammtímaskuldir		264	208
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.196</u>	<u>1.381</u>
Skuldir samtals		<u>9.711</u>	<u>9.759</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>21.451</u></u>	<u><u>20.610</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Norðurorka hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Rangárvöllum á Akureyri. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., Rangárvöllum á Akureyri.

Starfsemi samstæðunnar felst í vinnslu og sölu á heitu og köldu vatni, rekstri fráveitu, raforkudreifingu, rekstri raforkuvera og raforkusölu.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., en félagið átti allt hlutafé í Fallorku ehf. í árslok. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema getið sé til um annað. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög er þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærrí en bókfært verð hlutdeildarfélaganna er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélögin eða fjármagnað þau.

b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2025. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

c. *Innlausn tekna*

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

d. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

e. *Dótturfélög*

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess.

f. *Hlutdeildarfélög*

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

h. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Skýringar

j. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. *Lífeyrisskuldbinding*

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2025. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16. Áætlaðar næsta árs greiðslur félagsins vegna lífeyrisskuldbindingar eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

3. Starfspáttayfirlit

	Hitaveita	Rafveita	Vatnsveita	Fráveita	Annað	Samtals
	dreifing og sala					
Rekstrartekjur	2.560	2.021	624	791	142	6.138
Tekjur milli starfspátta	(14)	(134)	(3)	(6)	(1)	(157)
Rekstrargjöld	1.292	1.492	261	514	82	3.641
Rekstrarafkoma (EBITDA)	1.254	395	360	272	59	2.340
Afskriftir	635	154	75	214	51	1.130
Rekstrarhagnaður	619	240	285	58	8	1.210
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						(335)
Tekjuskattur						(72)
Áhrif hlutdeildarfélaga						83
Hagnaður ársins						887
Fjárfesting	1.380	213	85	336	0	2.015

4. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2025	2024
Tekjur hitaveitukerfis	2.560	2.543
Tekjur rafveitukerfis	1.872	1.807
Tekjur vatnsveitukerfis	624	602
Tekjur fráveitukerfis	791	708
Aðrar tekjur	133	118
	5.981	5.779

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	954	895
Mótframlag í lífeyrissjóði	128	119
Önnur launatengd gjöld	85	80
Lífeyrisskuldbinding	1	1
Annar starfsmannatengdur kostnaður	37	35
Kostnaðarverð eigin vinnu	(122)	(139)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.083</u>	<u>992</u>
Fjöldi ársverka	81	79
Laun og hlunnindi stjórnna, forstjóra og framkvæmdastjóra	57	51

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur og arður af eignarhlutum	27	33
Vaxtagjöld	(302)	(300)
Verðbætur	(279)	(326)
Gengismunur	(23)	47
Matsbreyting eignarhluta í félögum	4	0
Söluhagnaður eignarhluta	237	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(335)</u>	<u>(545)</u>

7. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2025	2024
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>958</u>	<u>903</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 192	21,0% 190
Áhrif hlutdeildarfélagana	(1,7%) (17)	(0,7%) (6)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(3,9%) (38)	(6,1%) (55)
Tímabundin breyting tekjuskattshlutfalls	0,0% 0	(0,2%) (2)
Skattalegt fyrningarálag á grænar eignir	(0,5%) (5)	(0,5%) (4)
Aðrir liðir	(6,3%) (61)	(0,2%) (2)
Virkur tekjuskattur	<u>7,5% 72</u>	<u>13,4% 121</u>

8. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár. Félagið hefur ekki gefið út breytanleg skuldabréf eða aðra gerninga sem leitt gætu til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og hagnaður á hlut.

	2025	2024
Hagnaður ársins	887	629
Vegið meðaltal hlutafjár	847	847
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut.	1,05	0,92

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2025	9.853	5.922	2.948	5.523	2.988	27.233
Afskrifað samtals	(3.087)	(1.819)	(973)	(1.106)	(1.394)	(8.378)
Bókfært verð 1.1.2025	6.766	4.103	1.976	4.417	1.594	18.855
Keypt á árinu	1.229	170	66	318	232	2.015
Afskrifað á árinu	(561)	(133)	(65)	(203)	(166)	(1.130)
Bókfært verð 31.12.2025	7.433	4.140	1.976	4.531	1.660	19.741
Heildarverð 31.12.2025	11.082	6.092	3.014	5.840	3.220	29.249
Afskrifað samtals 31.12.2025	(3.649)	(1.952)	(1.038)	(1.309)	(1.560)	(9.508)
Bókfært verð 31.12.2025	7.433	4.140	1.976	4.531	1.660	19.741
Heildarverð 1.1.2024	9.226	5.662	2.727	4.964	2.708	25.287
Afskrifað samtals	(2.911)	(1.724)	(940)	(920)	(1.268)	(7.763)
Bókfært verð 1.1.2024	6.315	3.937	1.788	4.044	1.440	17.524
Keypt á árinu	746	283	245	559	308	2.141
Selt og aflagt á árinu	(30)	0	0	0	(1)	(31)
Afskrifað á árinu	(265)	(117)	(58)	(186)	(153)	(779)
Bókfært verð 31.12.2024	6.766	4.103	1.976	4.417	1.594	18.855
Heildarverð 31.12.2024	9.938	5.945	2.973	5.523	3.007	27.385
Afskrifað samtals 31.12.2024	(3.173)	(1.842)	(997)	(1.106)	(1.413)	(8.530)
Bókfært verð 31.12.2024	6.766	4.103	1.976	4.417	1.594	18.855
Afskriftarhlutföll	2,5%	1 - 20%	2,5%	2,5 - 5%	2 - 35%	
Áætlaður nýtingartími	40 ár	5 - 100 ár	40 ár	20 - 40 ár	3 - 50 ár	

Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok nam eftirtöldum fjárhæðum:

	2025	2024
Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana	73.427	69.328
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	18.080	17.261
Vátryggingarverð fasteigna	5.554	5.245
Fasteignamat fasteigna	2.464	2.219
Fasteignamat lóða	571	516
Bókfært verð fasteigna	1.132	1.174
Vátryggingarverð lausafjármuna	1.099	1.173
Bókfært verð lausafjármuna	528	420

Veðsetningar

Fasteignir móðurfélags að bókfærðu verði kr. 283 millj. eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 423 millj. Eignir dótturfélagsins eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfum að fjárhæð kr. 1.657 millj.

Skýringar

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	2025		2024		
		Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu	
NORAK ehf., Akureyri	33,3%	79	22	33,3%	77	23
Tengir hf., Akureyri	0%	0	62	38,4%	368	9
		<u>79</u>	<u>83</u>		<u>445</u>	<u>33</u>

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2025		2024	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri	48,8%	17	48,8%	17
Íslensk orka ehf., Akureyri	36,3%	66	36,3%	63
Netorka hf., Hafnarfirði	7,7%	15	7,7%	10
Skógarböð ehf., Akureyri	0%	0	4,5%	29
Vistorka ehf., Akureyri	0%	0	100%	1
		<u>98</u>		<u>120</u>
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		<u>(76)</u>		<u>(76)</u>
Bókfært verð í árslok		<u>22</u>		<u>44</u>

12. Langtímakröfur

Langtímakröfur námu kr. 200 millj. í árslok. Afborganir þeirra skiptast jafnt á tvö ár, 2027 og 2029.

13. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

	31.12.2025	30.12.2024
Viðskiptakröfur	629	473
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(16)</u>	<u>(15)</u>
	<u>613</u>	<u>458</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	15	13
Tapaðar kröfur á árinu	(1)	(1)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu	<u>2</u>	<u>3</u>
Niðurfærsla í árslok	<u>16</u>	<u>15</u>

14. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

	31.12.2025	30.12.2024
Sjóður og bankainnstæður	348	232
Handbært fé samtals	<u>348</u>	<u>232</u>

Skýringar

15. Eigið fé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé ársreiknings samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi og þýðingarmunar.

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	847	268	8.555	403	10.073
Gengismunur v þýðingar				(3)	(3)
Hlutdeildartekjur			42	(42)	0
Arður frá hlutdeildarfélagi			19	(19)	0
Hagnaður ársins			782		782
Eigið fé 31.12.2024	847	268	9.399	337	10.851
Gengismunur v. þýðingar				2	2
Hlutdeildartekjur			(168)	168	0
Arður frá hlutdeildarfélagi			22	(22)	0
Afkoma ársins			887		887
Eigið fé 31.12.2025	847	268	10.140	485	11.740

Annað bundið eigið fé greinist þannig:	31.12.2025	30.12.2024
Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlutdeildarféлага	489	343
Þýðingarmunur	(4)	(6)
	<u>485</u>	<u>337</u>

Í samræmi við reikningsskilareglur er fært af óráðstöfuðu eigin fé, á bundinn reikning meðal eiginfjár, fjárhæð sem svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага sem færð var í rekstrarreikning að svo miklu leyti sem hlutdeildin er umfram móttækinn arð frá þessum félögum og til lækkunar er færð neikvæð afkoma frá árinu á undan.

Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé til greiðslu arðs.

16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna félagsins. Staða lífeyrisréttinda í árslok er byggð á útreikningi tryggingastærðfræðings og er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingu. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	31.12.2025	30.12.2024
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	11	11
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(1)	(1)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	1	1
Lífeyrisskuldbinding í árslok	11	11
Skammtíahluti lífeyrisskuldbindingar	(1)	(1)
Langtíahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>10</u>	<u>10</u>

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2025	30.12.2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	263	218
Reiknaður tekjuskattur ársins	72	121
Tekjuskattur til greiðslu	0	(76)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>334</u>	<u>263</u>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	395	310
Birgðir	4	4
Viðskiptakröfur	3	2
Frestaður gengismunur	0	7
Yfirfæranlegt tap	(67)	(61)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>334</u>	<u>263</u>

18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2025	30.12.2024
Skuldir í EUR	906	996
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar	7.625	7.414
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar	160	166
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	8.691	8.577
Næsta árs afborganir	(520)	(471)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>8.171</u>	<u>8.106</u>
Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2025	-	471
Árið 2026	520	481
Árið 2027	530	491
Árið 2028	1.419	1.348
Árið 2029	553	513
Árið 2030	565	-
Síðar	5.104	5.273
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>8.691</u>	<u>8.577</u>

19. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings	8	7
Önnur þjónusta	12	12
Þóknun til endurskoðanda samtals	<u>20</u>	<u>18</u>

Skýringar

20. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yferráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yferráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yferráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

Sala á vöru og þjónustu

	2025	2024
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	393	381
Aðrir hluthafar	35	37
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	2	9
	<u>429</u>	<u>427</u>

Kaup á vöru og þjónustu

Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	141	157
Aðrir hluthafar	9	8
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	0	30
	<u>150</u>	<u>195</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2025		30.12.2024	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	78	(13)	49	(13)
Aðrir hluthafar	8	(1)	19	(2)
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	0	0	1	(2)
	<u>86</u>	<u>(14)</u>	<u>69</u>	<u>(17)</u>

Auk tekna hér að ofan fékk samstæðan greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 12,8 millj.

21. Kennitölur

Helstu kennitölur:	31.12.2025	30.12.2024
EBITDA	2.340	2.198
Veltufjárlutfall	1,18	0,92
Eiginfjárlutfall	54,7%	52,7%
Arðsemi eigin fjár	7,85%	7,47%
Innra virði	13,87	12,82